

frá 19. janúar 1956 til greiðsludags og kr. 8.300,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. maí 1959.

Nr. 159/1958. **Oddviti Breiðuvíkurrepps f. h. hreppsins**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Olíufélaginu Skeljungu h/f

(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útsvarsmál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Hinrik Jónsson, sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1958. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, en staðfest verði lögtaksgerð hreppstjóra Breiðuvíkurrepps frá 31. júlí 1958, sem um ræðir í máli þessu. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Samkvæmt samningi, dags. 27. júní og 1. júlí 1951, sem h/f Shell á Íslandi gerði við Ingólf Guðmundsson, bónda á Litla-Kambi í Breiðuvíkurreppi, skal sala á benzíni og bifreiðaolíu frá h/f Shell fara fram á Litla-Kambi. H/f Shell skal leggja til endurgjaldslaust neðanjarðargeymi fyrir benzín og benzíndælu og annast viðhald á hvoru tveggja á sinn kostnað. Þá skal og h/f Shell flytja vöruna til sölu staðar Ingólfi að kostnaðarlausu. Ingólfur skal kaupa vöruna komna í geymi og hafa á hendi sölu hennar, og er hon-

um óheimilt að kaupa sams konar vöru frá öðrum en h/f Shell. Kaupverð skal vera í samræmi við ákvörðun verðlagsyfirvalda um útsöluverð á vörunni, meðan hún lýtur slíkum fyrirmælum, en ella almennt gangverð (útsöluverð) á vörunni. Ingólfur skal hins vegar fá afslátt frá greindu kaupverði, sem nemi 8 aurum af benzínlitra og 10.25% af kaupverði bifreiðaolíu.

Stefndi, Oliufélagið Skeljungur h/f, er nú orðinn aðili að framangreindum samningi í stað h/f Shell á Íslandi.

Þó að Ingólfur Guðmundsson sé talinn verða eigandi benzínsins, þegar það er komið í geyminn, bera önnur atriði sammingsins með sér, að salan fer raunverulega fram á vegum stefnda. Hann á mannvirki þau og tæki, sem nauðsynleg eru til starfrækslunnar, og kostar viðhald á þeim, enda mun salan vera einn þáttur í viðtækara sölukerfi hans. Verður því að telja, að stefndi hafi verið útsvarsskyldur í Breiðuvíkurhreppi samkvæmt a-lið 2. málsgr. 8. gr. laga nr. 66/1945. Á lögtaksgerð hreppstjóra því að vera óröskuð, en hinn áfrýjaði úrskurður að falla úr gildi.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður er úr gildi felldur, og á lögtaksgerð hreppstjóra að vera óröskuð.

Stefndi, Oliufélagið Skeljungur h/f, greiði áfrýjanda, oddvita Breiðuvíkurhrepps f. h. hreppsins, kr. 3.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að fallast á, að viðskipti stefnda við Ingólf bónda Guðmundsson, Litla-Kambi í Breiðuvíkurhreppi, geti ekki talizt

heimilisföst atvinnustofnun þar í hreppi skv. a-lið 8. gr. laga nr. 66/1945, sbr. lög nr. 59/1947. Eru og engin gögn fram komin, er sýni, að viðskiptum aðilja þessara hafi verið öðruvísi háttað en í samningi þeirra greinir. Þá verður eigi heldur séð, að um útsvarsskyldu stefnda skv. b-lið 8. gr. hinna fyrrnefndu laga hafi verið að ræða, enda á hann þar engar eignir aðrar en neðanjarðargeymi ásamt dælu fyrir benzín, sem hann ljær Ingólfi til afnota, en hefur hvorki arðbær lóðarréttindi né annað það, sem í nefndum lið er talið. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir atvikum tel ég rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 1.000,00.

Dómsorð mitt verður því á þessa leið:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps, greiði stefnda, Oliufélaginu Skeljungu h/f, málskostnað í Hæstarétti, kr. 1.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 27. september 1958.

Mál þetta er tekið fyrir í fógetarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu skv. 9. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885, en er risið af lögtaksgerð, sem hreppstjóri Breiðuvíkurhrepps hér í sýslu framkvæmdi hjá Oliufélaginu Skeljungu h/f hinn 31. júlí 1958 skv. kröfu oddvita nefnds hrepps, en til tryggingar vangreiddu útsvari gerðarþola, kr. 400,00, fyrir árið 1957 til Breiðuvíkurhrepps.

Umboðsmaður gerðarþola hefur *aðallega* krafizt þess, að nefnd gerð hreppstjóra Breiðuvíkurhrepps verði ómerkt, og heldur hann því fram, að lögtaksgerðina hefði átt að byrja á varnarþingi gerðarþola, þ. e. í Reykjavík, en ekki í Breiðuvíkurhreppi, enda þótt gerðarþoli eigi benzíngeymi ásamt dælu í þeim hreppi. Í þessu sambandi skírskotar hann meðal annars til 7. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885 og 33. gr. laga nr. 19 frá 1887.

Þessari kröfu hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælt og telur það misskilning hjá gagnaðilja, að lögtaksgerð skuli ætíð byrja á (aðal)varnarþingi gerðarþola, því að slíkt mundi leiða til óhagræðis fyrir sveitarfélög og aukins kostnaðar fyrir gerðarþola, og heldur hann því fram, að heimilt sé að hefja

lögtaksgerð þar, sem útsvar er á lagt og eignir gerðarþola eru fyrir.

Með skírskotun til 2. mgr. 33. gr. laga nr. 19 frá 1887 verður að telja, að heimilt hafi verið að byrja aðför þessa í Breiðuvíkurbreppi, þar sem útsvar var þar lagt á gerðarþola og fjármunir hans voru fyrir hendi. Verður því greind ómerkingarástæða ekki tekin til greina.

Þá hefur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að gerðarþoli hafi ekki verið útsvarsskyldur í Breiðuvíkurbreppi árið 1957, og í því sambandi hefur hann sett fram varakröfu um, að lögtaksgerð hreppstjóra Breiðuvíkurbrepps verði felld úr gildi. Kröfu þessa styður hann með því, að gerðarþoli hafi einungis selt Ingólfi Guðmundssyni bónda, Breiðuvíkurbreppi, benzín og aðrar tilgreindar vörur gegn ákveðnum, umsömdum kjörum og að nefndur Ingólfur selji síðan vörur þessar á eigin ábyrgð og kostnað. Hann kveður Ingólfur algerlega ráða því, hverjum hann selji varning þennan og hvort hann veiti gjaldfrest eða ekki og að Ingólfur beri einn ábyrgð og áhættu slíkra ráðstafana. Þá staðhæfir nefndur umboðsmaður, að Ingólfur hlíti ekki ákvörðun gerðarþola um útsöluverð, því að það sé algerlega háð ákvörðun verðlagsyfirvalda. Einnig heldur umboðsmaður gerðarþola því fram, að gerðarþoli eigi enga fasteign í hreppnum og greiði þar hvorki fasteignaskatt né lóðarleigu, en að benzíngeymirinn sé á lóð nefnds Ingólfs og að fyrir það komi ekkert endurgjald.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda heldur því hins vegar fram, að greint útsvar sé lagt á gerðarþola vegna benzínsölu hans í Breiðuvíkurbreppi og eignar hans þar og að slík útsvarsálagning eigi stöð í a- og b-liðum 8. gr. laga nr. 66 frá 1945. Þá heldur hann því fram, að samningur gerðarþola og Ingólfs Guðmundssonar sé, að því er virðist, gerður til þess, að gerðarþoli komist undan útsvarsgreiðslu til Breiðuvíkurbrepps. Enn fremur heldur hann því og fram, að gerðarþoli eigi fasteign í Breiðuvíkurbreppi, með því að hann hafi þar leigulaus lóðarafnot.

Í máli þessu hefur verið lagður fram samningur, sem gerður var milli h/f Shell á Íslandi annars vegar og nefnds Ingólfs Guðmundssonar hins vegar. Er samningur þessi gerður á árinu 1951 og uppsegjanlegur með 3 mánaða fyrirvara. Ekkert hefur komið fram í máli þessu, sem gefur ástæðu til þess að ætla, að greindur samningur sé ekki enn í gildi.

Með nefndum samningi skuldbindur Ingólfur Guðmundsson sig til þess að kaupa á samningstímabilinu allt benzín og allar

bifreiðaolíur, bæði til eigin nota og sölu, hjá h/f Shell á Íslandi. Benzínið skal sent til hans honum að kostnaðarlausu. Kaupverðið skal vera samkvæmt ákvörðun verðlagsyfirvalda, á meðan þeim ber slík ákvörðun, en ella almennt gangverð. Kaupandi fær ákveðinn afslátt sér til handa. Seljandi skal lána kaupanda endurgjaldslaust geymi og dælu, en kaupandi leggur til lóð án sérstaks endurgjalds. Kaupandi skal mánaðarlega greiða úttekt sína.

Af hálfu gerðarbeiðanda hafa ekki verið lögð fram nein þau gögn í máli þessu, sem renna stoðum undir framangreinda málsútlitun hans um, að réttmætt hafi verið að leggja útsvar á gerðarþola í Breiðuvíkurbreppi árið 1957. Hins vegar hefur gerðarþoli eða umboðsmaður hans mótmælt álagningunni og lagt fram áðurnefndan samning, en í samningi þessum kemur berlega fram, eins og áður segir, að Ingólfur Guðmundsson hefur verið kaupandi þess varnings, er hér um ræðir, og hefur fengið benzíngeymi og dælu að láni frá seljanda og lætur í té lóð undir geyminn án þess að fá fé úr annars hendi fyrir vikið.

Rétturinn lítur því svo til, að framgangur nefndrar gerðar hafi ekki verið nægjanlega réttlættur gegn nefndum mótmælum, studdum af fram lögðum samningi, og því ber að fella úr gildi lögtaksgerð hreppstjóra Breiðuvíkurbrepps, sem fram fór hinn 31/7 '58 hjá gerðarþola máls þessa.

Þá hefur umboðsmaður gerðarþola krafizt málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, og eftir atvikum þykir rétt að gera oddvita Breiðuvíkurbrepps að greiða honum 200,00 krónur í málskostnað.

Dráttur á uppkvaðningu úrskurðar þessa stafar ýmist af embættisönnum sem og því, að umboðsmanni gerðarþola hafði verið veittur frestur í málinu og greinargerð umboðsmanns gerðarbeiðanda barst ekki fyrr en 20. sept. sl.

Því úrskurðast:

Lögtaksgerð hreppstjóra Breiðuvíkurbrepps, sem fram fór hinn 31/7 1958 hjá gerðarþola máls þessa, er úr gildi felld. Oddviti Breiðuvíkurbrepps skal greiða Olíufélaginu Skeljungu h/f kr. 200,00 í málskostnað.

Fullnægja má úrskurði þessum með aðför að lögum að liðnum 15 dögum frá birtingu hans.